

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi „Suðurhafnar“ vegna olíubirgðastöðvar í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 15. október 2002 breytingu á deiliskipulagi „Suðurhafnar“ vegna olíubirgðastöðvar í Hafnarfirði.

Breytingin felst í að byggingarreitum á lóð dælustöðvar á reit 5.4a og lóðum A1 og A2 á reit 5.4c er breytt og afmarkaður er sérstakur byggingarreitur fyrir olúgeyma innan almenns byggingarreits á lóð A1 ásamt nýjum ákvæðum, kvöðum og skilmálum.

Farið var með tillöguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Breytingarnar öðlast þegar gildi.

*F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 7. nóvember 2002.*

**Hafðís Hafliðadóttir** skipulagsstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997 - 2017, gatnamót hringvegur og Snæfellsnesvegur.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. nóvember 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017 frá 19. júní 1998.

Breytingin varðar breytta legu gatnamóta við hringveg og Snæfellsnesveg og fyrirhugað hringtorg. Við breytinguna breytist afmörkun aðliggjandi landnotkunarsvæðis lítillega.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Borgarbyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 7. nóvember 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigríður Auður Arnadóttir.*